

Brothættar byggðir

Könnun meðal styrkhafa 2020 – 2023

febrúar 2024, Helga Harðardóttir og Kristján Þ. Halldórsson

Könnun meðal styrkhafa árin 2020-2023

Á seinni hluta árs 2020 var gerð könnun meðal styrkhafa í Brothættum byggðum á viðhorfi til styrkja úr frumkvæðissjóðum verkefnanna. Nokkuð er um liðið síðan þetta var gert og fjöldi styrkja verið veittur síðan og því áhugavert að kanna afstöðu styrkþega síðustu þrjú ár.

Könnunin var framkvæmd og send á öll þekkt netföng styrkþega í virkum þátttökubýggðarlögum á tímabilinu desember 2023 – janúar 2024. Alls voru þetta 174 netföng tengd styrkhöfum í sjö byggðarlögum. Í sumum tilvikum er sama netfangið tengt fleiri en einum styrk og það var lagt í hendur styrkþega að ákveða hvort hann/hún tók þátt í könnuninni fyrir eitt styrkt verkefni eða fleiri.


Þátttaka var góð og það bárust 102 svör. Á næstu síðum verður farið yfir niðurstöðurnar í einstökum spurningum og um margt eru þær áhugaverðar. Það sem virðist einkenna svörin er þakklæti og ítrekun á mikilvægi stuðnings við íbúa brothættra byggða við að efla frumkvæði og þátttöku. Þetta á við gerð verkefnisáætlana, veitta styrki, stuðning frá verkefnisstjórum og verkefnið í heild. Meðal annars kemur fram hjá mörgum svarendum að stuðningurinn og viðurkenning á hugmyndum og hvatning sem í því felst er þeim mjög mikilvæg, jafnvel þó ekki sé um háar upphæðir að ræða í mörgum tilvikum. Þó benda styrkþegar einnig á þörf á að lengja verkefni Brothættra byggða í hverju byggðarlagi og/eða hafa meira fé til ráðstöfunar til að styrkja frumkvæðisverkefni.

Sjón er sögu ríkari og hvetjum við lesendur til að kynna sér efnið hér á eftir.


Helga Harðardóttir og Kristján Þ. Halldórsson

Könnun framkvæmd í desember 2023 – janúar 2024


– Hverjir svöruðu?





Hvaða ár var sá styrkur veittur sem þú ætlar einkum að miða svör þín við?



Fjöldi styrkja í heild sem þú hefur hlotið úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða öll árin?





Á hvaða sviði er verkefnið sem þú tókst þátt í? (velja má einn eða fleiri möguleika)



Styrkirnir hafa dreifst á fjölbreytta flóru verkefna. Stærsti hópurinn hefur nýtt fjármunina til tækjakaupa eða uppbyggingar aðstöðu fyrir verkefnið.

Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú myndir sækjast eftir öðrum/áframhaldandi styrk frá Brothættum byggðum?



(1=mjög ólíklegt,... 10=mjög líklegt)

Brothættar byggðir - Frumkvæðissjóður, umsóknareyðublað

Heiti verkefnis: Smellið hér til að skrá...	Nafn verkefnisstjóra ef annar en umsækjandi: Smellið hér til að skrá...
Nafn umsækjanda Smellið hér til að skrá...	Upphaf verkefnis: Smellið hér til að skrá...
Heimilisfang: Smellið hér til að skrá...	Áætlð verkefnislok: Smellið hér til að skrá...
Póstnúmer Smellið hér til að skrá...	Kennitala umsækjanda: Smellið hér til að skrá...
Rekstrarform (ef við á): Smellið hér til að skrá...	Banki - höfuðbók - reikningsnúmer: Smellið hér til að skrá...

1. Markmið verkefnisins og afrakstur.
Dragið fram helstu markmið með verkefninu í nokkrum setningum og hver afrakstur verður í lok verkefnis (hámark 250 orð). Það styrkir umsókn ef mælanlegir kvarðar eru settir upp til skilgreiningar á því hvort markmiði hafi verið náð.
Smellið hér til að skrá...


2. Greinargóð lýsing á verkefninu. Meðal annars etirtarandi atriði:

- Markmið verkefnisins
- Hvað á að gera og hvernig verður verkefnið unnið til að ná settum markmiðum?

Hér er mikilvægt að allar helstu upplýsingar komi fram í hnitmiðuðum texta og með rokstuðningi fyrir umsókninni.
Smellið hér til að skrá...

Yfir 80% svarenda hafa gefið einkunn á bilinu 6-10 yfir áhuga á að sækja um frekari stuðningi ef slíkt væri í boði. Þar af hefur rúmur helmingur gefið 9 eða 10 stig.

Hversu miklu eða litlu máli skipti það fyrir þitt verkefni að það fékk styrk úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða?




(1=mjög litlu,... 10=mjög miklu)



90% svarenda gefa mikilvægi styrks einkunn frá 7-10, þar af gefa 55% einkunnina 10


Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú/þið hefðir/hefðuð hrundið verkefninu í framkvæmd án styrks frá Brothættum byggðum?



Book our most popular guided Grímsey Summer Tour on the Arctic Circle

Yfir 60% svarenda gefa einkunnina 1-4 yfir það hvort líklegt sé að þau hefðu hrundið verkefninu í framkvæmd án styrks frá Brothættum byggðum (þ.e. mjög ólíklegt).


Um 30% gefa einkunn 6-10 og hefðu væntanlega hrint sínum verkefnum í framkvæmd án stuðnings (þ.e. tiltölulega eða mjög líklegt)



(1=mjög ólíklegt,... 10=mjög líklegt)

Stuðlar styrkurinn að aukinni atvinnu?


Verða/urðu til ný launuð störf (eða hlutastörf) eða störf í sjálfstæðum atvinnurekstri í byggðarlaginu vegna verkefnisins sem þú tekur/tókst þátt í? Hér er átt við störf sem vara lengur en þann tíma sem tekur að vinna verkefnið.



Ekki er gerð krafa um að verkefni í Brothættum byggðum stuðli að atvinnu. Þó segja um 28% svarenda að það hafi verið raunin, á meðan 44% segja svo ekki vera. Þá er nokkur hópur óviss í sinni sök, ýmist af því að verkefni eru ekki hafin, eða nýlega hafin.




Hvernig verkefni ætti að styrkja að þínu mati?



Ekki er gerð krafa um að verkefni stuðli að atvinnu en þó segja um 28% svarenda að það hafi verið raunin, á meðan 44% segja svo ekki vera.

Skiptar skoðanir eru á því hvernig verkefni ætti að styðja en stærsti hópurinn virðist þó hallast að því að láta úthlutun (eðli verkefnis, upphæðir, fjölda verkefna) ráðast af mati á umsóknum hverju sinni.

Hvernig finnst þér að styrkfé nýtist best í þínu byggðarlagi?





Skiptar skoðanir eru á því hvernig verkefni ætti að styðja og hversu stór en stærsti hópurinn virðist þó hallast að því að láta úthlutun (eðli verkefnis, upphæðir, fjölda verkefna) ráðast af mati á umsóknum hverju sinni

Hversu auðvelt fannst þér að sækja um styrk?





Um 70% gefa einkunn á bilinu 6-10 og telja ferlið vera frá auðvelt eða mjög auðvelt. Á hinn bóginn virðast 10-18% eiga erfitt með umsóknarferlið.



(1=mjög flókið og erfitt,... 10=mjög auðvelt)

Hversu vel gekk þér að fá hjálp hjá verkefnisstjóra ef þú leitaðir aðstoðar á annað borð?




(1=mjög illa,... 10=mjög vel)

Yfir 90% gefa aðgengi að verkefnisstjórum einkunn 6-10 og telja þannig að vel eða mjög vel hafi gengið að fá aðstoð verkefnisstjóra í umsóknarferlinu.

Hversu auðvelt fannst þér að skrifa og skila lokaskýrslu vegna styrks ef við á?




74% gefa lokaskýrsluferlinu einkunn á bilinu 6-10, þ.e. fremur auðvelt til mjög auðvelt. 6% segja spurninguna ekki eiga við en 10% segja ferlið mjög erfitt til erfitt, þ.e. einkunn á bilinu 1-4.




(1=mjög flókið og erfitt,... 10=mjög auðvelt)

Hversu vel gekk þér að fá hjálp hjá verkefnisstjóra við gerð lokaskýrslu ef þú leitaðir aðstoðar á annað borð?



Um 74% svara því til að auðvelt til mjög auðvelt hafi verið að fá hjálp verkefnisstjóra. 20% hafa ekki þurft eða ekki borið sig eftir aðstoð í umsóknarferlinu. Um 3% telja ferlið mjög erfitt eða erfitt.

Hversu vel telur þú að reynslan af umsóknargerð og skýrsluskilum í Frumkvæðissjóði Brothættra byggða hafi, eða gæti nýst þér vegna umsókna í aðra sjóði?



(1=mjög lítið,... 10=mjög mikið)




NorthEast Iceland hlutu í fyrra styrk úr Uppbyggingarsjóði fyrir verkefni Vetrarmarkaðsátak fyrir Bakkafjörð. Í þessu skemmtilega myndbandi má sjá klipp...

Like Comment Share


78 · 1 comment · 8K views

Um 74% gefa einkunn á bilinu 6-10, þ.e. telja að reynslan af styrkjaferlinu hafi, eða gæti nýst vel vegna umsókna í aðra sjóði. Sex prósent segja spurninguna ekki eiga við og um fjögur prósent telja reynsluna ekki nýtast.

Hversu mikill hvati var styrkurinn þér til að þróa verkefnið frekar og/eða til að sækja um styrk(i) í aðra sjóði?



(1=mjög líttill,... 10=mjög mikill)



Um 80% gefa einkunn á bilinu 6-10 og telja að styrkurinn hafi verið hvati til að þróa verkefnið frekar og/eða til að sækja um styrk(i) í aðra sjóði. Um 70% gefa einkunn á bilinu 8-10.

Verður/varð til ný þekking eða færni innan byggðarlagsins í kjölfar verkefnis þíns? Ef svo er, hvernig þekking eða færni var/er það?

Nokkur dæmi um svör:

- Þekking á styrkjakerfi
- Má segja það að leiklistanámskeið hafi búið til nýja þekkingu og færni meðal barnanna sem sóttu það
- Aukning á þekkingu og þjónustu ferðamanna
- Þekking á sviði lista bæði brúðu-, leiklistar og kvikmyndalistar
- Tel svo vera, verkefnið heldur áfram, fleiri taka þátt í samsvarandi verkefni, jákvæð reynsla hefur fengist
- Nei í sjálfu sér ekki
- Verkefnið vekur athygli á nýtingu vannýtttrar vöru og vekur fólk til umhugsunar
- Vitundavakning um notkun á gömlu býli, nýtt menningarhús varð til þar sem verkefnið gekk svo vel
- Já. Matvælaframleiðsla, nýjar ræktunaraðferðir fyrir staðbundinn mat og efni, efnisrannsóknir og hönnun, nýsköpun



Með hvaða hætti hefur styrkta verkefnið þitt bætt samfélagið?

Nokkur dæmi um svör:

- *Aukið jákvæðni og samfélagslega hugsun*
- *Fyrir lítið sveitarfélag er öll nýsköpun mikilvæg. Peningar eru oftast nær stærsta hindrun nýrra verkefna svo styrkir sem þessir eru mjög mikilvægir til að ýta fólki í rétta átt*
- *Það eykur áhuga og vitund um mikilvægi listar og menningar í samfélaginu*
- *Auðveldar aðgengi og tækifæri allra að skipulögðu íþróttastarfi*
- *Fjölgar og lengir dvöl ferðamanna yfir vetrartímann og eflir vetrarviðburði*
- *Eflt atvinnulistastarfsemi á svæðinu og tækifæri til starfa fyrir listafólk*
- *Innblástur og sjálfstýring að hugvit einstaklings sé verðmætt*
- *Þjappað saman hóp af fólki sem er að fara af stað*



Hvers konar vara/þjónusta/viðburður verður/varð til í verkefninu?

Nokkur dæmi um svör:

- Engin vara þar sem verkefnið fékk ekki áframhaldandi styrk
- Búnaður til æfinga sem ekki var til áður
- Námskeiðahald í vetrarferðaþjónustu, vetrarviðburði og aukna sölu á gistingu, veitingu og afþreyingu
- Stafrænt efni fyrir börn og fullorðna
- Tónleikar
- Eftirspurn eftir þátttöku fagfólks í listum jókst og verkefninu jókst og eftirspurn frá fólki er eftir því að hafa viðburðinn á dagskrá áfram
- Matvæli ýmiss konar
- Viðburðir og hátíðahöld í nokkur ár, en hefur ekki haldið áfram
- Hægt að sitja úti og njóta útsýnis yfir höfnina
- Gönguleið




Hvað mætti gera betur í styrkjaferli Brothættra byggða að þínu mati?

Nokkur dæmi um svör:

- *Veit ekki*
- *Það er ágætt sem komið er. Það væri þó gott ef meira fé væri sett í styrki*
- *Fylgja góðum verkefnum áfram*
- *Það má alveg gera stigagjöfina opinbera*
- *Eftirfylgni með styrkjum, mikið af styrkjum sem hafa farið í verkefni sem ekkert varð úr*
- *Einfalda til muna þessar skýrslugerðir. Þær eru ekki að hjálpa þeim sem hafa ekki gert umsóknir eða skýrslur áður í að sækja um styrki fyrir verkefnum sem það er með í huga*
- *Auka styrki til samfélags og menningartengdra verkefna*
- *Styrkja það sem verður eftir, svo sem atvinnu eða umhverfismál*
- *Meira heildar fjármagn*
- *Ferlið er mjög gott í heildina. Alveg til fyrirmyndar*



Hversu miklu máli finnst/fannst þér skipta að hafa starfandi verkefnisstjóra Brothættra byggða í þínu byggðarlagi?





(1=mjög litlu,... 10=mjög miklu)

Segja má að það sé full samstaða um mikilvægi þess að verkefnisstjóri haldi utan um hvert byggðarlag. Um 95% gefa einkunn frá 6-10, þar af rúm 88% á bilinu 8-10. Rúm fjögur prósent gefa einkunnina 1, þ.e. telja starfið skila mjög litlu.



Hversu miklu máli finnst/fannst þér styrkir Brothættra byggða skipta í þínu byggðarlagi?



(1=mjög litlu,... 10=mjög miklu)

bbl.is/frettir/brothaettar-byggdir-styrktar

Bændablaðið

Fréttir Líf&Starf Skoðun

Frá Strandabyggð.
Mynd / ghp

Fréttir | 16. júní 2023

Brothættar byggðir styrktar

Höfundur: Guðrún Hulda Pálsdóttir

Styrkjum til ýmissa verkefna í brothættum byggðum hefur verið úthlutað.

Byggðastofnun segir frá úthlutun rúmra 48,5 milljóna króna til 72 verkefna sem styrkja á byggð, búsetu og mannlíf byggðarlaga sem starfa undir merkjum Brothættra byggða.


Meðal verkefna sem hlutu styrk er vöruþróun á nautakjöti, hvítlauksræktun og ullarvinnsla í Dalabyggð, verkefni um iðnaðarreykhús, kaffibrennslu og verslun á Stöðvarfirði, bjórbrugg og framleiðslueldhús á Ströndum og kjötvinnsla í Árneshreppi.

Verkefninu Brothættar byggðir var komið á fót með Byggðaráætlun 2014–2017 sem sértækt verkfæri Byggðastofnunar til að aðstoða byggðarlög sem standa höllum fæti. Markmið verkefnisins er m.a. að stöðva viðvarandi fólksfækkun og leita lausna með íbúum byggðarlaganna í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, sveitarfélög og brottfluttra íbúa. Þau byggðarlög sem hluti eru af verkefninu í dag eru Dalabyggð, Stöðvarfjörður, Strandabyggð og Bakkafjörður.

[f](#) [t](#) [in](#) [p](#)


Mikill samhljómur er um mikilvægi þess að hægt sé að veita styrki til frumkvæðisverkefna. 91% gefa einkunn frá 6-10, þar af rúm 90% á bilinu 8-10. Rúm fjögur prósent gefa einkunn 1-4, þ.e. telja styrkir skili mjög litlu eða litlu.

Hversu miklu máli finnst/fannst þér íbúasamráð (íbúáping og íbúafundir m.a.) og verkefnisáætlun Brothættra byggða skipta í þínu byggðarlagi?



Niðurstöður könnunar gefa til kynna mikinn samhljóm um mikilvægi samráðs við íbúa og að vinna út frá verkefnisáætlun í hverju byggðarlagi. Um 85% gefa einkunn frá 6-10, þar af rúm 58% á bilinu 8-10. Rúm fjögur prósent gefa einkunn 1-4, þ.e. telja að samráð við íbúa og verkefnisáætlun skili mjög litlu eða litlu.

Hversu sátt(ur) ert þú við verkefnið Brothættar byggðir í þínu byggðarlagi þegar á heildina er litið?



(1=mjög ósátt(ur),... 10=mjög sátt(ur))



Niðurstöður gefa til kynna nokkuð víðtæka sátt við verkefnið Brothættar byggðir meðal þeirra sem svöruðu könnuninni. Um 80% gefa einkunn frá 6-10, þar af rúm 68% á bilinu 8-10. Rúm átta prósent gefa einkunn 1-4, þ.e. eru mjög eða tiltölulega ósátt við verkefnið.

Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

Þakklæti

Íbúasamráð **Ráðstöfunarstyrkfé** **Nei**
 Atvinnutækifæri **Hvatning** **Áframhald** Sátt
 Afþökkun **Styrkupp hæðir** **Sundurlyndi** Ófullnægjandi **Framhaldsstyrkir**
 Úrslitaatriði **Áfram**



Alls svöruðu 51 ofangreindri spurningu. Gerð var tilraun til að yfirfæra texta í hverju svari á eitt lýsandi orð. Niðurstöðuna má sjá í orðskýi hér að ofan. Sá fyrirvari er á úrvinnslunni að í mörgum tilvikum hefði mátt velja fleiri en eitt lýsandi orð en það var ekki gert.

Skýringar: **Ráðstöfunarstyrkfé** = ósk um meiri fjármuni í frumkvæðissjóði, **Sátt** = sátt við verkefnið í heild, **Atvinnutækifæri** = ósk um meiri áherslu á fjölgun atvinnutækifæra, **Framhaldsstyrkir** = ósk um að verkefni geti stólað á stuðning í fleiri ár gerist þess þörf, **Úrslitaatriði** = styrkur skipti sköpum varðandi það að hrinda verkefni í framkvæmd. **Styrkupp hæðir** = ósk um að veita stærri (og færri) styrki, **Áfram** = hvatning um að halda áfram að hlúa að dreifðum byggðum, **Sundurlyndi** kemur niður á samstöðu og frumkvæði í byggðarlagi, **Ófullnægjandi** = meira þarf til til að byggðarlag verði ekki brothætt, **Áframhald** = ósk um lengri verkefnistíma í byggðarlagi

Takk fyrir að sýna málefnum Brothættra byggða áhuga

